

## Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, fimmtudaginn 19. Janúar 2016 á Kjóavöllum.

### 3. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Hermann Vilmundarson, Kristín Njálisdóttir, Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir, Helga Hermannsdóttir, Berglind Guðmundsdóttir og Magnús Benediktsson framkv.stj.

Á þessum þriðja fundi stjórnar var eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. SS upplýsti að stefna hafi borist frá arkitekt reiðhallar. Lögfræðingur félagsins er með málið.
3. Minnum hestafólk á Sprettsvæði á mikilvægi þess að vera skráðir í félagið, þetta á einnig við um börn félagsmanna.
4. Þeim tilmælum er beint til félagsmanna að stilla magni af heyi við hesthús í hóf. Mikilvægt er að vel sé gengið frá plasti þannig ekki skapist slyshætta. Þeim sem vilja fá að geyma bagga á bílastæði við reiðhöll hafi samband við framkvæmdarstjóra félagsins. Félagsmönnum er einnig bent á að kynna sér samþykkt um hesthúsahverfi á Kjóavöllum í landi Kópavogs og Garðabæjar á þessari slóð <http://gardabaer.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=60673> og sérstök athygli er vakin á greinum 10 og 12
5. Umræða um viðhald á Hattarvallahöllinni.
6. Félagsgjöld eru komin til innheimtu í heimabanka félagsmanna með eindaga 01 febrúar 2016.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:15

Fundargerð ritaði Ragna Emilsdóttir